

AUGLÝSING
um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 345/2019,
um notendastýrða persónulega aðstoð.

1. gr.

27. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessa framlengdur til 30. júní 2023.

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 30. nóvember 2022, og á fundi borgarráðs 8. desember 2022, eru byggðar á 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og taka gildi við birtingu.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 12. desember 2022.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2022